Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1655
komudagur 27.4.2005

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Samgöngunefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Garðabæ, 26. apríl 2005.
*Tilvísun: 2005040067*

**Efni: Umsögn Garðabæjar um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2005-2008.**

Garðabær gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreinda tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2005-2008.

1. Endurgreiðslur vegna framkvæmda Garðabæjar við Vífilsstaðaveg eru með öllu ófullnægjandi. Nær væri að þær væru 120 m.kr. auk verðbóta.

2. Fjárveiting til gatnamóta Arnarnesvegar og Bæjarbrautar/Fífuhvammsvegar þarf vegna uppbyggingar í Ásahverfi í Garðabæ að hanna árið 2005 en ekki 2006 og 2007.

3. Harmað er að fjárveitingar til endurlagningar Álftanesvegar er enn einu sinni frestað.

4. Mislæg gatnamót á Reykjanesbraut við Urriðaholtsveg eru ekki á áætlun en fyrirhuguð er mikil uppbygging á svæðinu strax á næsta ári.

5. Engin fjárveiting er til lausnar á umferðarvanda á gatnamótum Hafnarfjarðarvegar og Vífilsstaðavegar, en þar er umferð komin langt umfram afkastagetu gatnamótanna á annatímum.

Þess er vænst að samgöngunefnd og Alþingi taki tillit til þessara athugasemda og ábendinga við frekari umfjöllun um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2005-2008.

Virðingarfyllst,

Ásdís Halla Bragadóttir
bæjarstjóri

Afrit:
Samgönguráðherra
Þingmenn Suðvesturkjördæmis

Bæjarskrifstofur Garðabæjar ● Garðatorgi 7 ● 210 Garðabæ ● sími: 525 8500 ● fax: 565 2332 ● netfang: gardabaer@gardabaer.is